

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	5.10.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Primex, Siglufirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Óskargötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	681197-2819	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðný Helga Kristjánsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rúnar Marteinson	<b>Staðsetning</b>	504514,193 628305,621

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Primex á Siglufirði. Engin frávik frá starfsleyfi komu fram og engar athugasemdir eru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi með rekstraraðila og farið yfir heimildir í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að hreinsa kítin úr aukaafurðum úr rækjuvinnslu ásamt því að framleiða kítósan úr kítininu. Hámarksframleiðsla miðast við allt að 500 tonn á ári, nú í dag er framleiðslan um 120 tonn á ári. Um 15 manns starfa hjá verksmiðjunni og eru kítósán markaðsáherslurnar fæðubótarefni, lausasólulyf, sáramedhöndlun, snyrtivörur og bætiefni/aukaefni í matvæli. Kítósan er niðurbjótanlegt efni og er umhverfisvænt.

Farið var yfir grein 2.1 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að aukaafurðir úr rækjuvinnslu og kítin skuli geyma í yfirbyggðum og þéttum geymslum. Í vettvangsferð eftir fund var staðfest að þessi skilyrði eru uppfyllt. Rætt var um brennslu í katli skv. grein 2.2 en notast er við rafmagnsketil og kemur því ekkert sót út frá honum. Rætt var þá um flutning á hráefnum skv. grein 2.3. Takmarka skal lyktarmengun frá fyrirtækinu en að sögn rekstraraðila er kemur helst lykt, þ.e. ýldufýla þegar sturtað er úr bílum inn í hús ef hráefnið er ekki ferskt eða orðið nokkurra daga gamalt. Þá var farið yfir þær greinar starfsleyfis er varðar frárennsli. Eftir fundinn var farið í vettvangsferð um verksmiðjuna og aðstæður skoðaðar en snyrtilegt var um að litast og ekki tilefni til athugasemda. Þá voru skráningar skoðaðar sem getið er um í grein 3.1 í starfsleyfi og hafði þeim verið haldið vel við.

Útstandandi frávik er enn frá grein 2.8 er frá seinasta eftirliti. Áberandi litur er við útrás frárennslis af og til en rekstraraðili vill frá leiðréttingu á staðsetningu frárennslislagar. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að rekstraraðili hefur óskað eftir því að Fjallabyggð færi útrás Primex á réttan stað og Primex mun að sama skapi lengja hana um 55 metra en þá mun hún vera 120m frá landi og komin niður á 12m dýpi. Þessi staðsetning mun minnka líkur á að utanaðomandi mengun bindist við astaxhantin sem kemur frá útrás Primex. Fárennslislögn rekstraraðila færðist og slitnaði þegar búin var til ný bryggja árið 2008. Árið 2012 var farið í að laga lögnina en fljótlega losnuðu festingar og lögnin rak til suðurs upp á 3 metra dýpi í stað þeirra 10 m sem lagt hafi verið upp með. Gera þarf því frekari ráðstafanir til að færa hana aftur í hafstraum sem fer út fjörðinn. Enn er ekki vitað hvað veldur því að litarefnið bindst og verður sýnilegt, en rekstraraðili telur að m.a. geti myndast þörungablómi í sumarhlýjindum sem flyst inn fjörðinn með sjávarstraumum og valdi því að litarefnið verður sýnilegt. Primex hefur sent bæjarráði Fjallabyggðar tillögur að sameiginlegu úrbótum sem á eftir að taka fyrir. Gert er ráð fyrir að halda fund með bæjarráði fljótlega en það hefur tafist vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

## ANNAÐ


Með í eftirlitinu var Svava Pétursdóttir frá Umhverfisstofnun.

Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að finna sameiginlega lausn á frárennslismálum við hagsmunaaðila og óskar eftir að vera upplýst um gang mála.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.11.2017

  
Einar Halldórsson